



Alþýðusamband Íslands

Ályktun miðstjórnar ASÍ um alvarlega stöðu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum

Alþýðusamband Íslands hefur allar götur frá því að fjármálakerfið hrundi haustið 2008 lagt áherslu á tvennt. Annars vegar að komið verði til móts við skuldsett heimili með fullnægjandi hætti. Hins vegar hefur ASÍ krafist þess að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða til þess að koma hjólum atvinnulífsins í gang þannig að störfum fjölgi og auka megi tekjur launafólks. Samhliða þessu hafa samtökin lagt áherslu á að tryggja að umsamdar launahækkningar kæmu til framkvæmda.

Alþýðusamband Íslands hefur verið þeirrar skoðunar að til þess að ná framangreindum markmiðum sé mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld eigi með sér náð samráð og samstarf við móttun aðgerðaáætlunar sem sé af því umfangi og þeirri áræðni, að hún geti spornað við þeirri óheilla þróun sem þjóðin stendur frammi fyrir í atvinnumálum.

Mikilvægur liður í þessu starfi var samkomulagið frá 25. júní 2009 – sem nefnt hefur verið Stöðugleikasáttmálinn. Með gerð hans var það einlæg von miðstjórnar ASÍ að tekist hefði að sameina aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld til þess að bregðast af festu og myndugleika við þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir.

Þær væntingar sem gerðar voru til stöðugleikasáttmálans hafa ekki staðist. Samstarfið á þessum vettvangi hefur einkennst af þeirri upplausn og þeim ágreiningi, sem ríkt hefur á vettvangi stjórnmalanna undanfarin misseri. Ímynd þjóðarinnar gagnvart umheiminum hefur skaðast mikið og vinþjóðir okkar hafa ekki treyst sér til að koma með nauðsynlega aðstoð til að við komumst út úr efnahagsþrengingunum.

Brotthlaup Samtaka atvinnulífsins úr samstarfinu vegna deilu um skötusel er algerlega óásættanlegt. Að sama skapi er framgangi sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar í því máli, á meðan sérstök nefnd freistar þess að ná samstöðu um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, með öllu óskiljanleg. Alþýðusambandið hafði frumkvæði að því fyrir skömmu að efna að nýju til samstarfs aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölgun starfa. Þessi tilraun hefur ekki tekist, þvert á móti hriktir í samstarfi aðila vinnumarkaðar vegna sjávarútvegs mála og ekkert bolar á framtaki af hálfu ríkisstjórnarinnar til

Þess að ná aðilum saman, hvað þá undirbúa nauðsynlegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Miðstjórn ASÍ telur núverandi stöðu óviðunandi og ábyrgðarlausu gagnvart öllum þeim fjölda fólks, sem ýmist er án atvinnu eða hefur mátt þola verulega tekjuskerðingu og glímur við erfiða greiðslu- og skuldastöðu. Miðstjórn ítrekar þá kröfu sína, að nú þegar verði gripið til umfangsmikilla aðgerða í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Alþýðusambandið skorar á önnur samtök launafólks, atvinnurekendur, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu að koma strax til samstarfs um framkvæmd slíkrar aðgerðaáætlunar á grundvelli hjálagðra tillagna.

Alþýðusambandið hefur boðað til formannafundar innan ASÍ þann 25. maí n.k., þar sem staðan verður metin og næstu skref ákveðin.